



Nýtt nám í ferðapjónustu

"Kennum ferðapjónustu" er nýtt nám fyrir starfsfólk í ferðapjónustu. Námið var prufkeyrt vorið 2007 en verður kennt á landsvísu veturinn 2007-2008. Sjá námsskrá:

www.saf.is/saf/upload/files/pdf/fracdslumal/namsskra_endurmat.pdf



Hér er nánari umfjöllun um námið sem birtist í Morgunblaðinu fyrir skömmu:



Kennum ferðapjónustu – nýtt grunnnám fyrir ófaglærða í ferðapjónustu

Ferðapjónustan er orðin ein af mikilvægustu atvinnugreinum landsins. Í ár er reiknað með að hingað komi um 500 þúsund ferðamenn og talan verði komin í eina milljón 2016. Fyrir forgöngu Samtaka ferðapjónustunnar og Starfsgreinasambandsins hefur verið hrundið af stað nýju námi, „Kennum ferðapjónustu“, því er ætlað að styrkja stöðir ferðapjónustunnar á sviði fræðslu og menntunar, ekki síst ófaglærðra starfsmanna í veitinga- og gistihúsum og hvers konar ferðapjónustu.

framhald á næstu síðu ►



– *nýtt grunnnám fyrir ófaglærða*

„Námið fer fram á tíu símenntunarstöðvum á landinu og hefst á næsta ári,“ segir María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF.

„Auk þess verður reynt að hafa sem mestan sveigjanleika svo að jafnvel verði hægt að færa námið inn í fyrirtækin sé fjöldi nemenda þar nægur.“ Námið var prufukeyrt í vor en þá voru haldin námskeið bæði hjá Mími í Reykjavík og Símei á Akureyri. Nemendur voru 25 talsins. Í Reykjavík voru þeir flestir frá stærri fyrirtækjum en á Akureyri var aðallega um að ræða fólk sem starfar sem einrykjar í ferðaþjónustu og fólk með ákveðnar viðskiptahugmyndir sem vildi læra meira.

„Kennum ferðaþjónustu“ er 60 stunda nám, sem skiptist í þrjár 20 stunda lotur og er fyrsti þátturinn ætlaður nýliðum og sumarstarfsfólki. Hægt er að sjá námsskrána á heimasíðu SAF www.saf.is Námið er metið til 5 eininga á framhaldsskólastigi og hlaut styrk frá ríkinu til námsins þannig að hægt væri að kenna það á landsvísi í símenntunarmiðstöðvum landsins.

Námið er hannað sérstaklega fyrir ófaglært fólk innan ferðaþjónustu, eða þá sem stefna að starfi í greininni. Því er ætlað að auka persónulega og faglega færni og gera fólki kleift að veita gæðþjónustu og takast á við fjölbreytt úrlausnarefni sem koma upp daglega. Að námi loknu eiga þátttakendur að hafa betri forsendur til að taka að sér flóknari verkefni og hafa öðlast aukið sjálfstæði og færni.

Sannfærðust um ágæti námsins

„Það þurfti svolítið að sannfæra atvinnurekendur um að námið borgaði sig en það var afskaplega gaman að heyra eftir á að þeir fundu mikinn mun á fólkinu að námi loknu. Það sýndi meiri áhuga og ábyrgð og námið hafði kveikt löngun til að læra meira. Nú þegar við höfum fengið þessar undirtektir og búið er að brjóta ísinn, langar okkur að bæta við níu eininga námi. Þar með værum við að undirbyggja möguleika á ferðaþjónustubraut inni í framhaldsskólunum, sem reyndar hefur verið fyrir hendi í MK. Ofan á námið gæti fólk bætt t.d. matreiðslu- eða framreiðslunámi. Þar með yrði þetta raunverulegur valkostur fyrir ungt fólk sem er að leita sér að framtíðarstarfi,“ segir María.